SAMEINUMST UNDIR REGNBOGANUM

ÁRSSKÝRSLA HINSEGIN DAGA 2026





Ársskýrsla
Hinsegin daga 2026

Ritstjórn og umbrot: Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Myndir: Sunna Ben, Reykjavíkurborg, Lou Perillo, Ruth Ásgeirsdóttir



ÁRSSKÝRSLA HINSEGIN DAGA 2026

STJÓRNSKIPULAG

AÐALFUNDUR 2025

Aðalfundur Hinsegin dagar fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Á milli aðalfunda er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum stjórnar. Aðalfundur Hinsegin daga var haldinn í höfuðstöðvum Samtakanna ‘78, Suðurgötu 3, Reykjavík, þann 17. nóvember 2025.



STJÓRN HINSEGIN DAGA 2025-2026

Stjórn Hinsegin daga 2025-2026 skipuðu:

- Helga Haraldsdóttir, formaður
- Michael Ryan, gjaldkeri
- Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir, ritari
- Alexander Aron Guðjónsson, meðstjórnandi
- Sigríður Ásdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
- Pétur Óli Anderson, meðstjórnandi
- Valdimar Elí Kristjánsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 9 formlega stjórnarfundi á tímabilinu.

STARFSFÓLK

Kolbrún Ósk Pétursdóttir var endurráðin sem verkefnastýra Hinsegin daga. Frá september til maí var hún í 50% hlutfalli og í júní, júlí og ágúst var hún í 100% starfi.

Í stærri einstök verkefni voru ráðin inn:

- Bjarndís Helga Tómasdóttir sem ritstjóri tímarits Hinsegin daga og leiddi hún einnig verkefnið á uppsetningu vefsíðu tímarits Hinsegin daga.
- Marcel Radix hannaði og setti upp heimasíðu fyrir tímarit Hinsegin daga.
- Sveinn Snær Kristjánsson sem sá um umbrot og hönnun á tímariti Hinsegin daga
- Patrekur Björgvinsson sá um grafíska hönnun hátíðarinnar.

GÖNGUSTJÓRN

Í göngustjórn Hinsegin daga 2025-2026 sátu:

- Anna Eir Guðfinnudóttur
- Bjargey Ingólfsdóttir
- Helga Sif Jónasdóttir
- Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir
- Signý Kristín Sigurjónsdóttir
- Sigurjóna Hauksdóttir
- Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir, fyrir hönd stjórnar

ALÞJÓÐASTARF

Hinsegin dagar eru sem fyrr aðilar að InterPride, alþjóðasamtökum hinsegin hátíða, og EPOA, Evrópusamtökum hinsegin hátíða. Formaður og verkefnastjóri sóttu Nordic Pride Conference sem haldin var í Oulu í Finnlandi 27.–29. mars 2026. Formaður, gjaldkeri og verkefnastjóri voru auk þess viðstödd aðalfund EPOA sem haldinn var í Magdeburg um miðjan október 2025.

SAMSTARF INNLENDRA HINSEGIN HÁTÍÐA

Hinsegin dagar í Reykjavík sendu fulltrúa sína til þátttöku á hátíðarhöldunum Hinsegin Hrísey auk þess sem þau settu upp lítið kaupfélag í samvinnu við þau. Einnig veittu Hinsegin dagar hátíðinni fjárhagslegan stuðning í formi styrks úr menningarpotti.



HÁTÍÐAR-DAGSKRÁ









HÁTÍÐARDAGSKRÁ

Hátíðardagskrá Hinsegin daga nær yfir fasta liði og stórviðburði, svo sem setningu, opnunarhátíð og útihátíð.

SETNING

4. ágúst // 12:00 // Ráðhús Reykjavíkur

Hátíðin var sett á brúnni hjá Ráðhúsi Reykjavíkur. Björg Magnúsdóttir forseti borgarstjórnar flutti ávarp ásamt Helgu Haraldsdóttur formanni. Stjórn ásamt Björgu flögguðu sjö regnbogafánum á fánastangirnar við Ráðhúsið á meðan Guðjón Þorgils frumflutti lag Hinsegin daga 2026. Eftir fánaathöfnina bauðst gestum að kríta á svæðið í kring og var gestum boðið upp á íspinna.

OPNUNARHÁTÍÐ

4. ágúst // 20:00 // Sjálfstæðissalurinn á Parliament Hotel

Listrænir stjórnendur: Inga Auðbjörg Straumland Kristjánsdóttir og Sigríður Eir Zophoníasardóttir

Opnunarhátíð Hinsegin daga fór fram í Sjálfstæðissalnum á Parliament hótelinu. Þar lifnaði við heill sirkus og mátti sjá risa flamingóa labba um svæðið, sterkustu konu heims lyfta lóðum og loftfimleikakonuna Bryndísi Torfadóttur leika listir sínar. Kristín Ómarsdóttir flutti þar ávarp sem hægt er að lesa á heimasíðu Hinsegin daga auk þess sem Helga Haraldsdóttir setti Hinsegin daga. Guðjón Þorgils flutti lag Hinsegin daga, kórinn Viðlag söng nokkur lög og Elijah Kristinn Tindsson söng Somewhere Over the Rainbow. Frábær byrjun á Hinsegin dögum!

Kynnar og sirkusstjórar voru Inga Auðbjörg Kristjándsdóttir og Sigríður Eir Zophoníasardóttir.
Táknmálstúlkar voru Ástbjörg Rut Jónsdóttir og Margrét Auður Jóhannesdóttir.









ÚTIHÁTÍÐ

8. ágúst // 15:00 // Hljómskálagarður

Listrænir stjórnendur: Alexander Aron Guðjónsson og Mellí Þorkelsdóttir
Sviðsstjóri: Mellí Þorkellsdóttir

Útihátíð Hinsegin daga fór fram í kjölfar Gleðigöngunnar og var stórkostleg skemmtun. Fram komu Páll Óskar, Sigga Beinteins, Margrét Rán og Ragga Hólm, Cyber, Una Torfa, Álfgrímur, Guðjón Þorgils með lag Hinsegin daga og Súpa Daxins. Kynnar voru Gógó Starr og Daphne Always og hátíðarræða var í höndum Hrefnu Þórarinsdóttur og Snæ Humadóttur.
Viðburðurinn var táknmálstúlkaður og voru það Ástbjörg Rut Jónsdóttir og Ingibjörg Gissunn Jónsdóttir sem sáu um það ásamt.






LOKAHÓF

8. ágúst // 22:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

Lokahóf Hinsegin daga var haldið í Pride Centre (IÐNÓ). Guðjón Þorgils flutti lag Hinsegin daga ásamt fleiri lögum, Sigga Beinteins og Grétar trylltu lýðinn og DJ Sunna Ben hélt uppi stuðinu á dansgólfinu eins og henni er einni lagið!

FRÆÐSLU-DAGSKRÁ



FRÆÐSLUDAGSKRÁ

Fimmta árið í röð var fræðsludagskrá Hinsegin daga kjörnuð í sérstaka ráðstefnu sem fór fram í Pride Centre (IÐNÓ) og í Pollinum í Ráðhúsi Reykjavíkur á fimmtudeginum. Ráðstefnan var nú í annað sinn haldin í samstarfi við ÖBÍ réttindasamtök sem auk þess rittúlkuðu ráðstefnuna.

REGNBOGARÁÐSTEFNA

7. ágúst // 9:30 // Pride Centre (IÐNÓ) og Pollurinn (Ráðhús Reykjavíkur)

Ráðstefnan var glæsileg í ár! Við grétum, hlógum, lærðum og deildum. Við fengum meðal annars að líta til baka yfir tíu ára vegferð af Hinsegin félagsmiðstöðinni, fengum að taka þátt í samtali um hryðjuverk og áföll sem minnti okkur á þá seiglu, samstöðu og mikilvægi þess að verja frelsið til að lifa opinskátt. Við fengum heimsókn frá vinum okkar frá Grænlandi þar sem þau deildu reynslu sinni af því að byggja upp hinsegin samfélag og Pride-hátíð í Nuuk auk þess sem við heyrðum frá fólki sem kom til Íslands í leit að alþjóðlegri vernd og heyrðum frá því hvernig það er að vera bæði hinsegin og leita sér öryggis í nýju landi. Ráðstefnan endaði svo á frábærum fyrirlestri þar sem óperusöngkonan Íris Björk Gunnarsdóttir fjallaði um rannsóknir sínar á hinseginleika á óperusviðinu á fræðandi og skemmtilegan hátt og á milli þess sem hún flutti fyrir okkur tónlist úr ylhýrum óperum við mikinn fögnuð áhorfenda.











DAGSKRÁ

	HÁTÍÐARSALUR	POLLURINN
9:30-10:00	**Setning Regnbogaráðstefnu** Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna '78 og ritstýra tímarits Hinsegin daga, setti ráðstefnuna	
10:00-10:45	**Nuuk Pride - Uppbygging samfélags á norðurslóðum** *pallborð // enska*	**10 ár af Hinsegin Félagsmiðstöðinni - staður til að tilheyra** *fyrirlestur // íslenska*
11:00-12:00	**Er óhætt að ganga heim núna?** Í þessum persónulega dagskrárlið leiddu stuðningshópurinn 25. júní og norski rithöfundurinn Kristine Meek áhorfendur inn í reynslu þeirra sem lifðu af hryðjuverkaárásina á Oslo Pride 2022 og búa enn við afleiðingar hennar. *pallborð // enska*	
12:00-13:00	**Hádegismatur**	
13:00-13:45	**Í mörgum kössum - sögur um fötlun, hinseginleikan og mannréttindi** *pallborð // íslenska*	**Vernd, von og nýtt upphaf** *pallborð // enska*
14:00-14:45	**Styrkurinn í því að sleppa takinu: fyrirgefning og hinsegin seigla** *fyrirlestur // enska*	**Kynsegin upplifun af skólaumhverfi framhaldsskóla** *fyrirlestur // íslenska*
15:00-15:45	**Chemsex - í leit að nánd eða felustað** *pallborð // enska*	**Þróun og fjölbreytileiki kynákvörðunar og kyntengdra eiginleika** *fyrirlestur // íslenska*
16:00-17:00	**Hinseginleiki á óperusviði** Óperusöngkonan Íris Björk Gunnarsdóttir er stofnandi glænýja óperukompanísins hinÓperan, sem setti upp óperuna 27 í samstarfi við Borgarleikhúsið núna í haust. Í þessum fyrirlestri fjallaði hún um rannsóknir sínar á hinseginleika á óperusviðinu á fræðandi og skemmtilegan hátt á milli þess sem hún flutti tónlist úr ylhýrum óperum. Meðleikari var Matthildur Anna Gísladóttir. *fyrirlestur og söngur // enska*	



MENNINGAR–DAGSKRÁ

BAKSLAGIÐ: HLUSTUN & SAMRÆÐUR MEÐ RÁS 1

5. ágúst // 20:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

Hlustum saman á brot úr nýrri þáttaröð sem fjallar um bakslagið í málefnum hinsegin fólks hér á landi. Eftir hlustunina er efnt til opins samtals. Þáttastjórnandi Bakslagsins er Anna Gyða Sigurgísladóttir.

HÝRIR HÚSLESTRAR

6. ágúst // 17:30 // Pride Centre (IÐNÓ)

Hinn sívinsæli bókmenntaviðburður Hýrir húslestrar er löngu búinn að festa sig í sessi sem bókmenntaviðburður ársins en þar stigu á stokk skáld og höfundar af ýmsum toga, lásu úr útgefnum og óútgefnum verkum sínum og keyrðu kynslóðina upp úr öllu valdi. Auk þess var tilkynnt um sigurvegara ljóðasamkeppni Hinsegin daga 2026. Esjar Eiríkur var í fyrsta sæti með ljóðið birki, Gugga lenti í öðru sæti með ljóðið Í stólnum og Bergrún Íris lenti í þriðja sæti með ljóðið Tungumál. Hægt er að nálgast ljóðin á heimasíðu Hinsegin daga.
Kynnir var Freyja Sparkle.

HÝR VINNUMARKAÐUR; SAMTAL Í BOÐI ASÍ, BHM, BSRB OG KÍ

7. ágúst // 16:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

Staða hinsegin fólks á vinnumarkaði og mikilvægi hinsegin vottunar. Stutt fræðandi innlegg og samtal aðila vinnumarkaðarins um áskoranir, bakslagið, fordómana og ávinninginn af því að snúa við blaðinu.
Á málþinginu undirrituðu dómsmálaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, Samtökin '78, Samtök atvinnulífsins og heildarsamtök launafólks viljayfirlýsingu um samstarf að því markmiði að stuðla að jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu á íslenskum vinnumarkaði.







KYNSLÓÐASPJALL

7. ágúst // 17:30 // Pride Centre (IÐNÓ)
Kynslóðir spjalla um upphaf fræðslustarfs Samtakanna ‘78 og hvernig það hefur þróast á liðnum áratugum. Hvernig voru allra fyrstu fræðslufundirnir? Hvernig varð fræðslan skipuleg? Hvað breyttist? Hver eru helstu áhersluatriðin núna?
Öldungadeildin 60+ skipulagði viðburðinn.
Framsögufólk: Ragnhildur Sverrisdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Tótla I. Sæmundsdóttir og Andrea Rói Sigurbjörns.

BARSVAR VERU OG BJARNDÍSAR

7. ágúst // 20:00 // Pride Centre (IÐNÓ)
Föstudagshowið í ár var með aðeins frábrugðnu sniði en fyrri ár. Vera Illuga og Bjarndís Helga leiddu stórskemmtilegt BarSvar í smekkfullu Pride Centre en þær stöllur eru þekktar fyrir húmor, gleði og skarpa hugsun og buðu þær upp á frábæra skemmtun. Eftir BarSvarið tók Eva Karlotta við og leiddi hópinn í söng og dans út kvöldið.

TRANS KIRKJAN – FYRSTA MESSA

9. ágúst // 15:00 // Pride Centre (IÐNÓ)
Trans kirkjan bauð öllum í sína fyrstu opinberu messu þar sem gestum bauðst tækifæri til að hlusta á fagnaðarerindið og frelsast undan kynjatvíhyggjunni.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Fleiri félagslegir viðburðir voru haldnir á Hinsegin dögum, svo sem fánauppistand, Lessan, skemmtisigling, regnbogahátíð fjölskyldunnar og pop-up markaður.



UNGMENNA-DAGSKRÁ

UNGMENNADAGSKRÁ

Ungmennadagskráin var ekki af verri endanum í ár! Fjölbreyttir og skemmtilegir viðburðir sem haldnir voru yfir Hinsegin daga.
Viðburðirnir voru vel sóttir og mjög gaman að sjá öll ungmennin taka þátt.

REGNBOGAFÖNDUR
3. ágúst // 13:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

FATASKIPTIMARKAÐUR
3. ágúst // 13:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

OPNUNARHÁTÍÐ UNGMENNA
4. ágúst // 14:00 // FlyOver Iceland

DJ NÁMSKEIÐ UNGMENNA
4. ágúst // 17:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

REGNBOGAKÖKUKEPPNI
7. ágúst // 13:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

UNGMENNAKVISS
7. ágúst // 14:00 // Pride Centre (IÐNÓ)

GRILLPARTÝ UNGMENNA
8. ágúst // 16:00 // Pride Centre (IÐNÓ)









STYRKTARPOTTAR HINSEGIN DAGA

Samþykkt var tillaga á síðasta aðalfundi Hinsegin daga þar sem hagnaður ársins myndi að hluta nýtast í fjármögnun bæði Viðburðarpotts og Menningarpotts og þannig skila sér til baka til hinsegin samfélagsins.

VIÐBURÐAPOTTUR

Gefið var úr viðburðarpotti Hinsegin daga í annað skipti í ár. Pottur var settur á laggirnar til að styðja við hinsegin fólk til að halda sjálfstæða viðburði og er markmið pottsins að hvetja til frumkvæðis, grasrótarstarfs og fjölbreytni í viðburðarhaldi. Fjölgun varð á umsóknum í ár og fengu sjö viðburðir styrk:

- Pride Partý LOKA
- Trashmaster
- DYKE NITE 5
- The Eclipse Mini Ball og Party
- ananas tvö
- Hinsegin kvöld á Hafinu
- Pride Drag Bröns

MENNINGARPOTTUR

Útdeilt var úr menningarpotti Hinsegin daga í fyrsta skipti og er hann ætlaður til að styðja við og efla menningarflóru hinsegin fólks allt árið um kring. Markmið pottsins er að veita styrki til fjölbreyttra viðburða sem ekki fara fram á sjálfum Hinsegin dögum til að skapa sýnileika, vettvang og samfélag allt árið um kring og styðja við aðrar hinsegin hátíðir.

Í ár fengu fjórir viðburðir styrk:

- Fimleikalessan
- Lessan
- DYKE NITE 4
- Hinsegin Hrísey


KR 27 652

GLEÐIGANGAN

Gleðigangan fór fram laugardaginn 8. ágúst og gengið var frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, Bankastræti og suður Lækjargötu, að Hljómskálagarðinum.

Í göngustjórn sátu Anna Eir Guðfinnudóttir, Bjargey Ingólfsdóttir, Helga Sif Jónasdóttir, Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir, Signý Kristín Sigurjónsdóttir, Sigurjóna Hauksdóttir og Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir, f.h. stjórnar Hinsegin daga. Göngustjórn lagði áfram áherslu á það í ár að halda Gleðigönguna án þátttöku fyrirtækja sem vilja nýta gönguna í að auglýsa sín vörumerki.

ÞÁTTTAKENDUR

Metþátttaka var í ár en þátttökuatriði voru 46, auk fánaborgar og stjórnar Hinsegin daga.

ATRIÐI 2026:

Eftirfarandi hópar tóku þátt í göngunni árið 2026:

Fánaborg
Stjórn Hinsegin daga
Diplomats for Equality
Lúðrasveit fjölbreytileikans
Borgarstjórn Reykjavíkur
Yggdrasil
Dyke Nite Reykjavík
The lady bosses and their dramatic boys
HIV Ísland
Klettó
Hinsegin félagsmiðstöðin
Intersex Ísland
Tooro Action for Vulnerability and Human rights
Öldungadeildin 60+
Strætó
ÖBÍ
KÍKÍ
Hafnarfjarðarbær
Iceland Furs
Hinsegin kórinn
Bi og pan
Öðruvísi íþróttir
Gyðjur án landamæra
Trans Ísland
Félagið Ísland-Palestína
Rauða regnhlífin
Q-félag hinsegin stúdenta
Stúdentaráð HÍ
BDSM
Reykjavík Fringe
Dem gay boys
Bangsafélagið
Hjólaskautafélagið
Amnesty Ísland
Let them eat cake
HinUng
GIVI
Hin - Hinsegin Norðurland
Indivisible Iceland
Samtökin '78
Teach Pride, Teach Love
Þjóðkirkjan
Skátarnir
Ungliðar stjórnmálaflokka
Samtök launafólks og lúðrasveit verkalýðsins
Kvenréttindafélagið
Hinsegin fjölskyldur



GÖNGUPOTTUR

Úthlutað var úr Gleðigöngupotti Landsbankans og Hinsegin daga. Samtals var tólf atriðum úthlutað styrkjum á bilinu 70–320 þúsund krónum. Samtals var sótt um 3.420.000 kr. í styrk, en sjóðurinn hefur 1.500.000 kr. til úthlutunar á hverju ári. Hæsta styrkinn hlaut að þessu sinni Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar, en þau fögnuðu tíu ára starfsafmæli í ár með stórglæsilegum vagni.

STYRKÞEGAR ÁRSINS:

Bangsafélagið / Bears of Iceland
BDSM á Íslandi
DYKE NITE Reykjavík
Hinsegin félagsmiðstöð S'78 og Tjarnarinnar
Hinsegin kórinn
HinUng
HIV Ísland
Let Them Eat Cake
Q - félag hinsegin stúdenta
Samtökin '78
Skátarnir
Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi

DÓMNEFND GLEÐIGÖNGUPOTTSINS 2026

Michael Ryan - gjaldkeri Hinsegin daga
Anna Eir Guðfinnudóttir - f.h. Göngustjórnar
Bjarni Snæbjörnsson
Sigríður Eir Zophoníasardóttir
Vala Höskuldsdóttir

KYNNINGARMÁL

TÍMARIT

Hinsegin dagar gáfu líkt og venjulega út glæsilegt tímarit, sem var 108 blaðsíður að lengd. Eins og áður fjallaði tímaritið um ýmis málefni sem eru ofarlega á baugi í hinsegin samfélaginu, auk þess sem það varpaði ljósi á hinsegin sögu, menningu og listir. Þar var einnig kynning á dagskrá Hinsegin daga 2026. Ritstjóri tímaritsins var Bjarndís Helga Tómasdóttir og Sveinn Snær Kristjánsson sá um hönnun og umbrot. Tímaritinu var dreift víða um land og var einnig hægt að nálgast eintak í Pride Centre. Fyrir tilstilli frumkvæðis ritstýru fengust inn ný sveitarfélög sem styrktaraðilar, sem eflir sýnileika tímaritsins úti á landi. Alls voru prentuð 4.000 eintök.

Ný heimasíða tímarits Hinsegin daga // timarithinsegindaga.is

Snemma á starfsárinu barst stjórn tillaga frá Bjarndísi Helgu, ritstýru tímarits Hinsegin daga, um að koma upp vefsíðu fyrir tímaritið. Stjórn samþykkti tillöguna og eyrnamerkti verkefninu fjármagn. Að verkefninu stóðu Bjarndís Helga og Marcel Radix, sem þróaði og hannaði vefinn. Við vinnsluna var lögð sérstök áhersla á stafrænt aðgengi. Tilgangurinn er að koma efni tímaritsins til fleiri lesenda og ekki síst að auðvelda sjálfboðaliðunum sem skrifa í blaðið að deila greinum sínum. Vefurinn er enn í þróun og stefnt er að því að þar verði hægt að nálgast öll tímarit Hinsegin daga.

VEFUR OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Hinsegin dagar halda úti vefnum hinsegindagar.is og samfélagsmiðlum undir nafni hátíðarinnar á bæði Facebook og Instagram. Um 32 þúsund notendur heimsóttu vef hátíðarinnar fyrstu tvær vikurnar í ágúst, þar af langflestir á laugardeginum eða yfir 12 þúsund notendur.

Patrekur Björgvinsson var áfram grafískur hönnuður hátíðarinnar og héldum við sama útliti og í fyrra.

AUGLÝSINGAR OG MARKAÐSMÁL

Hinsegin dagar auglýstu á Billboard- og Buzz-skjám í kringum Hinsegin daga sem tóku svo yfir á öllu höfuðborgarsvæðinu á laugardeginum. Einnig var auglýst á Bylgjunni og á vefmiðlinum Vísi og útvarpsauglýsingar voru sendar út á Rás 1, Rás 2 og K100.

Með aðstoð fyrrverandi stjórnarmeðlima, þá aðallega Leifs Arnar Gunnarssonar, voru þrjár umsóknir sendar til Hugverkastofu. Hefur vörumerkið Hinsegin dagar, orð- og myndmerkið (sjá mynd), verið skráð frá og með 2.11.2026. Umsóknum vegna orðmerkjanna „Hinsegin dagar“ og „Reykjavík Pride“ var hafnað og rennur út andmælafrestur 25.11.2026, sem við hyggjumst nýta og vonandi ná skráningu allra þriggja umsókna í gegn.

FJÖLMIÐLAR

Umfjöllun um Hinsegin daga í ár var góð og fjölbreytt. Hún einkenndist af mikilli gleði yfir hátíðarhöldunum og alvarlegri umræðu um bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks.
Hinsegin dagar í Reykjavík sendu frá sér fréttatilkynningar í vikunni fyrir Hinsegin daga þar sem heildardagskráin var útskýrð og meðan á hátíðinni stóð var send út fréttatilkynning daglega þar sem áhersla var lögð á einstaka viðburði sem voru í gangi þann daginn. Stjórn var líka dugleg að koma sér í bæði útvarp og sjónvarp.

LAG HINSEGIN DAGA

Lag Hinsegin daga 2026 heitir „Framávið“ og er samið af Guðjóni Þorgils Kristjánssyni, ásamt Axel Inga Árnasyni og Ingu Auðbjörgu K. Straumland. Guðjón steig sín fyrstu skref í lagasmíðum með þessu lagi en hann sló rækilega í gegn í vor þegar hann bar sigur úr býtum í Söngkeppni framhaldsskólanna. Lagið var mikið spilað og var Guðjón duglegur að mæta á viðburði yfir Hinsegin daga og syngja lagið við mikinn fögnuð áhorfenda.







AÐSTAÐA

HÚSNÆÐI

Okkar ástkæra Pride Centre, sem hefur svo sannarlega fest sig í sessi sem félagsmiðstöð og menningarvettvangur Hinsegin daga á meðan á hátíðinni stendur, var áfram í IÐNÓ. Flestir viðburðir hátíðarinnar voru haldnir í miðstöðinni, að frátöldum þeim allra stærstu. Hinsegin kaupfélagið færði sig upp á aðra hæð í Pride Centre og gekk það mjög vel. Svæðið niðri nýttist mun betur í hýra hittinga og góð spjöll og fékk kaupfélagið að njóta sín mun betur á efri hæðinni. Auk þess var nýjung í ár að sleppa föstudagsshowinu og í staðinn héldum við BarSvar og SingALong í Pride Centre sem gekk vonum framar. Húsið fylltist af fólki og var mikið stuð. Gaman að sjá Pride Centre svona vel nýtt yfir hátíðina. Nýr rekstraraðili tók við IÐNÓ á árinu og hélst áfram góð samvinna milli stjórnar og starfsfólks IÐNÓ.

TÆKNIMÁL

Öll stærri tæknileg aðföng voru leigð af HljóðX, ásamt þjónustu. Á útisviðinu voru tveir skjáir, þar sem annar var notaður til að streyma sviðsdagskrá og hinn var nýttur undir táknmálstúlkun og textun.

ÖRYGGISMÁL

Yfir vikuna var öryggisgæsla á öllum stærri viðburðum í Pride Center (IÐNÓ).

Vegna Gleðigöngu bættu Hinsegin dagar við sjálfboðaliðum til að ganga með atriðum og leigðu fleiri grindur til þess að afmarka svæði. Haldinn var öryggisfundur fyrir alla hópa, ekki einungis þá hópa sem voru með farartæki í göngunni eins og hefur verið, þar sem farið var yfir öryggisreglurnar og undirstrikaðar þær breytingar sem urðu á liðnu ári. Göngustjórn var stækkuð úr fimm manna stjórn yfir í sjö manna stjórn. Sinnti Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir hlutverki öryggisstjóra líkt og seinasta ár.

AÐGENGI

Hinsegin dagar í Reykjavík hafa unnið að því undanfarin ár að gera hátíðina sem aðgengilegasta og vinna náið með ÖBÍ réttindasamtökum. Í ár bættust við sólblómabönd sem voru gefins í Hinsegin kaupfélaginu en þau eru fyrir fólk með ósýnilega fötlun og var sjálfboðaliðum og starfsfólki upplýst að þau sem bera bandið gætu þurft aukna þolinmæði, skilning og tillitsemi.

Undanfarin fimm ár hefur sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi stutt Hinsegin daga við að gera hátíðina aðgengilegri og í ár fjármagnaði sendinefndin ásamt sendiráðum Frakklands, Finnlands, Sviþjóðar og Þýskalands uppsetningu á hjólastólarampi á degi Gleðigöngunnar til að tryggja aðgengi fyrir öll.

AÐGENGI FYRIR HJÓLASTÓLANOTENDUR

Lagt er upp með að halda ekki viðburði á stöðum sem eru ekki aðgengilegir. Það er vitað mál að aðgengismál í IÐNÓ eru ekki til algjörrar fyrirmyndar þar sem sviðið er ekki aðgengilegt og salerni er illa aðgengilegt en húsnæðið telst þó að mestu fullnægjandi. Þá var settur upp útsýnispallur í Hljómskálagarði fyrir hjólastólanotendur og Reykjavíkurborg lagði til mottur út að stíg, auk þess sem útsýnispalli var bætt við í ár við Lækjartorg sem bauð upp á betra aðgengi fyrir áhorfendur Gleðigöngunnar.

TÚLKUN

Regnbogaráðstefna, opnunarhátíð og útihátíð voru táknmálstúlkaðar af Hröðum höndum. Regnbogaráðstefnan var rittúlkuð af réttindasamtökunum ÖBÍ og var útihátíðin textuð af Ingu Auðbjörgu K. Straumland. Einnig var í boði fyrir einstaklinga að bóka sér túlk á viðburði Hinsegin daga á kostnað félagsins.



FJÁRHAGSLEGAR HINDRANIR

Hinsegin dagar kappkosta að halda miðaverði í lágmarki svo sem flestum gefist kostur á að taka þátt í hátíðarhöldunum. Þá hefur félagið sett sér sérstaka miðastefnu þar sem þau sem þurfa geta nálgast miða á kjarnaviðburði hátíðarinnar sér að kostnaðarlausu.

STRÆTÓ

Strætó bauð í annað skiptið upp á skynvænan strætó í Gleðigöngunni þar sem lögð var áhersla á að minnka áreiti af hljóði og ljósum. Skynvæni strætisvagninn er afurð samstarfsverkefnis ÖBÍ réttindasamtaka og Hinsegin daga. Fólki gafst annars vegar tækifæri á að koma upp í vagninn á Hesthálsi 14 til að minnka áreitið við að fara upp í hann niðri í miðbæ Reykjavíkur og hins vegar við Hallgrímskirkju, þaðan sem gangan hófst.







FJÁRMÁL

FJÁRMÖGNUN

REYKJAVÍKURBORG

Hinsegin dagar eru ein af borgarhátíðum Reykjavíkur og hljóta 12 m.kr. stuðning á ári. Í september 2025 gerðu Hinsegin dagar í Reykjavík fastan samning við borgina og eru því núna varanleg borgarhátíð þar sem hátíðin er einstök að því leyti að hún sameinar menningu, mannréttindi og sýnileika fjölbreytileika borgarbúa. Þessi stuðningur er afar mikilvægur fyrir rekstrargrundvöll Hinsegin daga og er það mikið fagnaðarefni að hátíðin sé orðin varanleg borgarhátíð.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

Stærri samstarfsaðilar árið 2026:



EINHYRNINGURINN

Reykjavíkurborg



KONFETTÍ

BSRB
Landsbankinn
Ríkisstjórn Ísland
Sky Lagoon
ÖBÍ



GLIMMER

Center Hotels
Krónan
Ölgerðin



PALLÍETTUR

BYKO
Efling
Elding
KPMG
Nói Siríus
Pink Iceland
Sendinefnd Evrópusambandsins
Iceland Parliament Hotel



DISKÓ

Dynjandi
FlyOver Iceland
Forlagið
Pósturinn
Þjóðkirkjan

AÐRIR STYRKTARAÐILAR

Þessir aðilar styðja við Hinsegin daga með því að kaupa auglýsingu í tímariti Hinsegin daga, gefa vörur eða veita þjónustu ókeypis eða með verulegum afslætti eða styðja við hátíðina á annan hátt:

- APRÓ
- Blue Car Rental
- DEIG /LeKock
- Elko
- Emmesís
- Exeter Hotel
- Finnska sendiráðið
- Fjarðabyggð
- Franska sendiráðið
- Garðabær
- Garri
- Góði Hirðirinn
- Greenfit
- Hæ blóm
- Hagkaup
- Háskólinn í Reykjavík
- Himbrimi Gin
- Hopp
- Hörgársveit
- Hrafnista
- Húsasmiðjan
- Innnes
- Íslensk erðagreining
- Jómfrúin
- Kauphöllin/Nasdaq
- KíKí
- Landsvirkjun
- Lyfjaver
- Omnom Chocolate
- Orkan
- Partýbúðin
- Rafha
- RentAParty
- Samtökin ‘78
- Strætó
- Súðavík
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Tix Miðasala ehf
- VFÍ Verkfræðingafélag Íslands
- Wasteland
- Þingeyjarsveit
- Þýska sendiráðið

UPPFÆRÐIR STYRKTARPAKKAR

Árið 2026 var viðburðarríkt í fjármálum hátíðarinnar og samskiptum við styrktaraðila. Styrktarpakkarnir voru uppfærðir og „Konfetti“-pakkanum bætt við. Var það gert til að auka sölu á þeim og til að auðvelda samstarf við styrktaraðila.

KAUPFÉLAG HINSEGIN DAGA

Í ár flutti Kaupfélag Hinsegin daga á aðra hæð í Pride Centre (IÐNÓ). Það var frábær breyting og fengu vörurnar að njóta sín betur auk þess sem aðgengið var mun þægilegra og opnara og veitti viðskiptavinum meira rými og tíma til að versla. Mikið af nýjum vörum voru keyptar inn í ár sem vöktu mikla gleði. Auk þess voru keyptir nýir bolir fyrir sjálfboðaliða og fengum við inn sérhannaða Venus as a Doll boli. Sérmerktar HD-vörur fóru líka í sölu í ár og má þar nefna varasalva, skyndihjálpartösku o.fl.
Aukin áhersla var lögð á að auglýsa vörur kaupfélagsins og var það gert bæði á samfélagsmiðlum, í Pride Center og í tímariti Hinsegin daga.

Formlegu samstarfi við netverslunina „Hinsegin Kaupfélagið“ hefur nú verið hætt og er netverslunin nú alfarið rekin af Samtökunum ‘78.

Með áframhaldandi aðstoð bókara höfum við nú betri yfirsýn yfir fjárhreyfingar félagsins og munum halda áfram að nota PayDay sem helsta bókhaldskerfið okkar.

Miðasala Hinsegin daga var öll rafræn og fór fram í gegnum tix.is, sem er formlegur samstarfsaðili Hinsegin daga.

FJÁRHAGUR

Fjárhagslega gekk Hinsegin dögum 2026 nokkuð vel þrátt fyrir lítið rekstrartap. Rekstur félagsins skilaði 82.231 krónu tapi samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var jákvætt og nam 18.587.752 krónum.
Sala á varningi jókst frá fyrra ári, en sala á bjór og öðrum drykkjum á útihátíðinni dróst verulega saman vegna veðurs. Stuðningur frá fyrirtækjum og tekjur af auglýsingum jukust um u.þ.b. 4 milljónir króna. Til féllu nokkur óvænt útgjöld, þar á meðal vegna girðinga meðfram leið Gleðigöngunnar og tjalds á lokahátíðinni. Kostnaður lækkaði hins vegar verulega þar sem ákveðið var að halda spurningakeppni (pub quiz) á föstudeginum í stað þess að fá til liðs við okkur erlendan gest. Ákvörðunin um að fá ekki erlendan gest var tekin vegna þess að Icelandair hætti sem styrktaraðili (með flugframlögum) og vegna skorts á hentugu hótelrými vegna sólmyrkvans.



HINSEGIN DAGAR 2026